



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík 23. mars 2023

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar tannréttingar fyrir börn, 104. mál.**

Við er til erindis nefndasviðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna vegna tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar tannréttingar fyrir börn. Lagt er til að Alþingi álykti að tannréttingar barna verði gjaldfrjálsar og að heilbrigðisráðherra leggi fram frumvarp þess efnis, eigi síðar en í maí 2023.

Ljóst er að tannréttingar barna geta verið mjög kostnaðarsamar og að foreldrar eiga í mörgum tilfellum erfitt með að standa undir þeim kostnaði..

Með bréfi umboðsmanns barna til heilbrigðisráðherra<sup>1</sup>, dags. 13. október 2022 lagði embættið áherslu á að núverandi fyrirkomulag um upphæð niðurgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands tæki breytingum en sú upphæð hefur staðið óbreytt í 20 ár. Þurfa forsjáraðilar barna því að bera meirihluta kostnaðar sem fellur til vegna meðferðar barna hjá tannréttingalæknum, en raunkostnaður slíkrar meðferðar er á bilinu 900.000 – 1.500.000 kr.

Í 24. gr. Barnasáttmálans, samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. samnefnd lög nr. 19/2013 er kveðið á um rétt barna til besta heilsufars sem hægt er að tryggja. Í 2. gr. Barnasáttmálans, einni helstu grundvallarreglu sáttmálans, kemur fram að öll börn eigi að fá notið þeirra réttinda sem sáttmálinn kveður á um, án mismununar af nokkru tagi, svo sem vegna stöðu foreldra. Með áður nefndu bréfi hvatti umboðsmaður barna heilbrigðisráðherra til þess að taka framangreinda greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í tannréttingum barna til endurskoðunar í

---

<sup>1</sup> [Bréf umboðsmanns barna til heilbrigðisráðherra, 13. október 2022](#)

Því skyni að bæta aðgengi barna að heilbrigðisþjónustu, draga úr mismunun og félagslegum ójöfnuði og stuðla að auknu heilbrigði og bættri tannheilsu barna.

Svar heilbrigðisráðuneytisins við bréfi umboðsmanns barna<sup>2</sup> barst embættinu þann 29. nóvember 2022. Þar kom fram að fyrirhugað væri að auka framlög til niðurgreiðslu tannréttinga barna og ungmenna að 18 ára aldri á árunum 2023-2025, í þremur áföngum. Forsenda þess sé þó að samningar náist um þjónustuna þannig að tryggt sé að hækkun styrksins skili sér til sjúkratryggðra.

Umboðsmaður barna fagnar þeim áformum sem fyrirhuguð eru og fram koma í bréfi heilbrigðisráðuneytisins og telur, enn sem áður, mikilvægt að stigin verði skref í þá átt að meðferð tannréttingalækna verði tryggð öllum börnum sem á þurfa að halda.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna

---

<sup>2</sup> [Svar heilbrigðisráðuneytisins við bréfi embættisins](#)